



DMM Gátlistar og flögg (1)

Gátlistar eru ýmist fylltir út stakir eða innan úr verkum:

Sumir gátlistar geta getið af sér flögg, en ekki allir. Flögg verða bara til við útfyllingu gátlista:

Niðurstöður gátlista er hægt að skoða í þar til gerðum gluggum og í skýrslum. Flögg eru sett í farveg og afgreidd:

Gátlistar eru búnir til í gátlista-smið kerfisins



Þegar gátlisti er búinn til, þá er t.d. ákveðið hvort og að hvaða skilyrðum uppfylltum spurningar geti búa til flögg (2), en flagg gefur til kynna að einhverju sé ábótavant. Eins hægt að stilla hverjir fá t-póst vegna flagga.

Útfyllta gátlista er hægt að skoða í glugganum Gátlistalotur (4). Auk þess er hægt að skoða einstaka svör nánar í glugganum Gátlistasvör. Hægt er að prenta út skýrsluna *Línurit og tölfræði* fyrir alla gátlista. Fyrir ýmsa gátlista hafa verið útbúnar sérstakar skýrslur, sjá *Ýmsar skýrslur*.

Ef flaggskilyrði hafa verið sett á spurningu/spurningar, þá geta flögg orðið til við útfyllingu listans. DMM sendir t-póst til þeirra sem gátlistinn tilgreinir og/eða þeirra sem fá t-póst vegna flagga í sinni deild (stillt í starfsmannaglugga)

Stjórnandi getur breytt afgreiðslufresti flaggs. Stjórnandi hefur 3 lausnakosti:

1. Afgreiða flagg sjálfur með skýringu
2. Setja flagg inn á verk til úrlausnar
3. Úthluta flaggi á starfsmann, sem getur þá fengið t-póst næsta dag.

Starfsmaður skráir á flagg í hverju afgreiðslu- an var fólgin og gefur því stöðu „afgreitt“. Þetta gerir hann annað hvort innan úr verki, sjá valkost #2 að ofan, eða hann finnur flaggið í samnefndum glugga og afgreiðir það án tengingu við verk, valkostur #3

- (1) Flögg eru ýmist kölluð flögg eða dæmingar.
- (2) Flögg er af „innri tegund“ græn, gul eða rauð. Grænt flagg er ekki alvarlegt og hefur langan eða engan sjálfgefinn frest. Rautt flagg er jafnan alvarlegt og hefur stuttan sjálfgefinn frest.
- (3) Hægt er að útbúa svokallað Gátlistaáætlun, sem framkallar gátlista til útfyllingar með reglulegu millibili og úthlutar á skilgreindan starfsmann til útfyllingar, sá starfsmaður fær þá t-póst.
- (4) Glugginn Gátlistalotur ber ýmis nöfn hjá fyrirtækjum sem nota DMM, t.d. Yfirlit skráninga og Eftirlit. En þessi orð líkt og önnur getur hvert fyrirtæki valið að eins og best fellur að starfseminni.

